



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2020
R20010079

Borgarráð

Tillaga um nýjan grænan skuldabréfaflokk

Lagt er til að stofnaður verði nýr grænn flokkur skuldabréfa, RVKNG 40 1. Skuldabréfin eru óverðtryggð með jöfnun afborgunum á 12 mánaða fresti og með lokagjaldsdaga 21. ágúst 2040. Bréfin bera fasta vexti sem verða ákveðnir í söluferlinu. Skuldabréfin eru gefin út sem græn skuldabréf í þeim tilgangi að fjármagna græn verkefni Reykjavíkurborgar í samræmi við Grænan ramma Reykjavíkurborgar (*Green Bond Framework*) sem borgarráð samþykkti 29. nóvember 2018.

Þá er lagt til að borgarráð veiti sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs heimild til að ganga til samninga við fjármálafyrirtæki til að sinna ráðgjöf og vinnu við stofnun og sölu skuldabréfaflokksins.

Sérstök athygli er vakin á því að um innherjaupplýsingar er að ræða á grundvelli 1. mgr. 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti þar sem upplýsingarnar hafa ekki verið gerðar opinberar. Samkvæmt 4. mgr. 122. gr. sömu laga er útgefanda heimilt, á eigin ábyrgð, að fresta birtingu upplýsinga til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar. Að þessu tilefni eru innherjar í Reykjavíkurborg minntir á trúnaðarskyldu sína og 123. gr. framangreindra laga um innherjasvik. Trúnaður skal haldinn um málið eftir fund borgarráðs og þar til tilkynnt hefur verið um stofnun skuldabréfaflokksins í kauphöll.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. október 2020 - Trúnaðarmál